

STJÓRNARTÍÐINDI B 12 — 1979

12. mars 1979.

203

Nr. 115.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglum nr. 127 25. júlí 1960 um leigu á skráningarskyldum ökutækjum til mannflutninga án ökumanns.

1. gr.

Í stað „kr. 500.00“ í 4. málsg. 1. gr. komi: kr. 17 000.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 91. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968, sbr. lög nr. 55 12. maí 1970, öðlast gildi 15. mars 1979.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 12. mars 1979.

Steingrímur Hermannsson.

Ólafur W. Stefánsson.

12. mars 1979.

Nr. 116.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 40 19. febrúar 1976 um skráningu ökutækja.

1. gr.

4. málsg. 21. gr. orðist svo:

Fyrir notkun bráðabirgðaskráningarmerkis ber að greiða í ríkissjóð kr. 25 000 á ári og annast lögreglustjóri innheimtu gjaldsins. Lögreglustjóri getur leyft notkun bráðabirgðaskráningarmerkis í styttri tíma, og greiðir eigandi ökutækis þá fyrir notkun og ábyrgðartryggingu kr. 1 500 fyrir hvern dag eða hluta úr degi, er hann hefur bráðabirgðaskráningarmerki í sínum vörslum. Gjaldið greiðist fyrirfram miðað við áætlaðan notkunartíma.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í umferðarlögum, nr. 40 23. apríl 1968, öðlast gildi 15. mars 1979. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 10 18. janúar 1978.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 12. mars 1979.

Steingrímur Hermannsson.

Ólafur W. Stefánsson.